

### 39. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 30. september 2016 kl. 12.20 við Norðurgötu

Mættir: Brynja Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Jón Garðar Steingrímsson foreldrafulltrúi, Katrín Freysdóttir fulltrúi úr stjórn Foreldrafélags GF, Sigríður Salmannsdóttir fyrir hönd starfsmanna, Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúi kennara, Hilmar Þór Halldórsson fulltrúi nemenda og Jóachim Birgir Andersen og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

#### 1. Fundarskipulag vetrarins

Fundarmenn voru boðnir velkomnir á fyrsta skólaráðsfund vetrarins, fulltrúa kynntu sig. Áætlun um skólaráðsfundi lögð fram og samþykkt samhljóða. Fundartími ákveðinn kl. 8.15 í myndmenntastofunni við Norðurgötu.

#### 2. Verkefni skólaráðs samkvæmt lögum og reglugerð

8. gr. laga um grunnskóla lesin og verkefni skólaráðs skv. reglugerð skoðuð.

#### 3. Verkefni skólaráðs samkvæmt umbótaáætlun í kjölfar ytra mats MMS 2015

Skólastjóri benti á verkefni fyrir skólaráð samkvæmt umbótaáætlun skólans sem unnin var í kjölfar ytra mats Menntamálastofnunar 2015. Áætlunin gerir ráð fyrir að skólanámskrá verði endurskoðuð með þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Einnig gerir umbótaáætlunin ráð fyrir endurskoðun skólareglna í samræmi við rg. 1040/2011. Samþykkt að fyrsta verk skólaráðs í vetur felist í endurskoðun skólareglna. Fundarmenn hafa fengið skólareglur útprentaðar en reglugerð 1040/2011 er að finna á veraldarvefnum.

#### 4. Önnur mál

Skólastjóri sagði frá boði Heimilis og skóla-landssamtaka foreldra sem felur í sér kynningu fyrir foreldra og starfsfólk á Læsissáttmála Heimilis og skóla. Tölvupóstur með þessu erindi hefur verið sendur stjórn foreldrafélagsins og skólaráði.

Fundi slitið kl. 13:10

Jónína Magnúsdóttir